

Fundarboð

Aðalfundur Hestamannafélagsins Snæfæxa verður haldinn fimmtudaginn 23. júní í Menntasetrinu á Þórshöfn kl. 20.00.

Fundarefni

1. Hefðbundin aðalfundarstörf
2. Inntaka nýrra félaga
3. Kosningar
4. Önnur mál

Þeir sem hafa brennandi áhuga á framtíð félagsins eru hvattir til að mæta.

Þjóðum nýja félaga sérstaklega velkomna

Stjórn Snæfæxa

Skeglan í tölvupósti

Hægt er að fá Skegluna senda í tölvupósti um leið og hún er tilbúin, sem er oftast á mánudagskvöldum. Sendið línu á skeglan@simnet.is ef þið viljið vera á póstlistanum.

Skeglan

Skeglan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst. Auglýsingar berist á netfangið skeglan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum. Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 29. júní 2016. Gjaldskrá: Hálfssíða 2.700,-, heilssíða 3.900,-. Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
24. tbl. 7. árg. Miðvikudagur.22. júní 2016

Nýr vinkill Yst

Slepping hins slitna leiðir til tómarúms í fyrstu en eftir það lyftist upp sköpun sem birtist sem *ferskur vinblær* með fortíðina að baki –opin uppá gátt fyrir nýrri reynslu – óvæntri nálgun – frumlegra og skemmtilegra lífi!

Hver veit sína framtíð?

Yst

Braggasýningin **Nýr vinkill Yst** verður Sólstöðuhátíðarhelgina á Skerinu 24. - 26. júní, ókeypis inn, opið frá kl 11- 17.





Sólstöðuhátíðartilboð í Skerjakollu Kópaskeri

NÓA KROPP 439/ áður 639
GRÆNIR TRÍTLAR Nóahlaup - 198/ áður 319
FREYJU HITT Súkkulaði m/ lakkrís - 118/ áður 198
LÍMONAÐI gosdrykkur - 139/ áður 230
TOPPUR sódavatn með bragði - 148/ áður 210
DORITOS NACHO CHEESE - 239/ áður 357

FJALLALAMB - GRILLKJÖT

| | Verð nú | Verð áður |
|----------------|---------|-----------|
| Fjallalæri | 1812 | 2149 |
| Sirlionsneiðar | 2840 | 3438 |
| Skyndigrill | 2990 | 3559 |
| Hryggjasneiðar | 4425 | 5206 |
| Lærissneiðar | 2998 | 3790 |

Skerjakolla – Bakkagötu 10 - Kópaskeri – Sími 4651150

| | |
|----------------------|-----------|
| Mánudaga til föstud. | 10 til 20 |
| Laugardaga | 12 til 20 |
| Sunnudaga | 12 til 18 |

Sólstöðutónleikar Flygilvina

í Skólahúsinu á Kópaskeri
Föstudaginn 24. júní kl. 20:30



Angurværð flytja hugljúf lög í fallettum og vönduðum útsetningum fyrir alla til að njóta.

Hljómsveitina skipa þau:

Anna Skagfjörð – Söngur / raddir / píanó / gítar

Einar Höllu – Gítarar / píanó / söngur / raddir

Helgi Guðbergsson – kontrabassi / rafbassi

Miðaverð er kr 1.500 en ókeypis fyrir börn á grunnskólaaldri.

Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröð Flygilvina 2016, sem styrkt er af Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra.

Flygilvinir – tónlistarfélag við Öxarfjörð



SÖKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA

Laust starf við leikskóladeild Öxarfjarðarskóla á Kópaskeri

Við leitum eftir leikskólakennara eða starfsmanni í 100% starf við leikskóladeild

Öxarfjarðarskóla á Kópaskeri. Þekking á leikskólastarfi æskileg.

Frekari upplýsingar veitir Guðrún S. Kristjánsdóttir skólustjóri

Sími 465-2220/892-5226 e-mail gudrunsk@nordurthing.is, og Kristín Ósk

Stefánsdóttir

Sími 4652405/849-3539e-mail kristino@nordurthing.is

KAFFIHLAÐBORÐ

Í tilefni forsetakosninga 2016 verður kaffihlaðborð í Félagsheimilinu Hnitbjörgum á Raufarhöfn, laugardaginn 25. júní frá kl. 14:30.-17:00.

Verð:

Fullorðnir 1.700

Grunnskólabörn 1.000

ATH! Ekki posi á staðnum.

Allir hjartanlega velkomnir

Fjáröflunanevnd Raufarhafnarkirkju

Störf í Svalbarðshreppi

Svalbarðsókn og Svalbarðshreppur auglýsir eftir áhugasömum aðila til að taka að sér umhirðu í Svalbarðskirkjugarði og kringum Svalbarðsskóla. Vinnutími eftir samkomulagi.

Áhugasamir hafi samband við Sigurð Þór oddvita í síma 895-0833 eða sthg@svalbardshreppur.is

Sólstöðuhátíðin á Kópaskeri !

Helgina 24. – 26. júní 2016

Föstudagur 24. júní:

Kl. 19:00 Kjötsúpukvöld við Skólahúsið.

Kl. 20:00 Sólstöðutónleikar Flygilvina í Skólahúsinu. [Angurværð](#) spilar.

Kl. 23:30 Sólstöðuganga á vegum Ferðafélagsins Norðurslóðar. Gengið á Rauðanúp á Melrakkasléttu. Lagt upp frá Núpskötlu, gangan tekur upp u.þ.b. tvær klst. Fararstjóri verður Kristbjörg Sigurðardóttir.

Laugardagur 25. júní:

Kl. 10:00-18:00 Kjörfundur í Stóru – Mörk.

Kl. 11:00 Söguganga um Kópasker. Lagt af stað frá Skjálftasetrinu.

Kl. 13:00-15:00 Hestvagn á svæðinu til að fara í ferð um þorpið. Farið frá tjaldsvæðinu á Kópaskeri.

Kl. 14:00-17:00 Fatasala Rauða krossins í Þingeyjarsýslum verður í Leikskólanum á Kópaskeri. Gengið inn úr garðinum að suðaustan. Einnig verður tekið á móti fötum.

Kl. 13:00-16:00 Skottisala við Skólahúsið á Kópaskeri. Íbúar eru hvattir til að taka þátt og selja hluti úr skottinu á bílnum.

Kl. 14:00-16:30 Sólstöðukaffisala Kvenfélagsins Stjörnunnar í Stóru Mörk. Posi á staðnum.

Kl. 14:00-16:30 Handverkssýning eldri borgara í Stóru Mörk.

Kl. 19:00-21:00 Boðið upp á veislumáltíð í Fjallalambi gegn vægu verði.

Kl. 22:00-03:00 Dansleikur í Pakkhúsinu með Hljómsveitinni Lúxus.

Sunnudagur 26. júní:

Kl. 11:00-12:00 Helgistund við Snartarstaðarkirkju.

Kl. 13:00-14:00 Ganga með hunda út að Vita. Fararstjóri Inga Sigurðardóttir.

Kl. 14:00 Kvenfélagsganga -Hin árlega kvenfélagsganga KSNÞ á vegum Kvenfélags Öxfirðinga. Gengið frá Gilsbakka "fjallabaksleið" norður í Leifsstaði, þar verður stutt stöpp og svo gengið áfram niður í Klifshaga 2. Gönguleiðin er u.þ.b. sex km í falletu umhverfi.

Alla dagana:

Kl. 13:00-17:00 Opið á Byggðasafninu og Skjálftasetrinu.

Kl. 11:00-17:00 "Nýr vinkill" heitir Braggasýning Ystar í ár sem byggir ma. á gömlum unnum ljósmyndum í innsetningu og gagnvirkni sýningargesta Sýningin stendur alla sólstöðuhelgina frá föstudegi 24. júní kl 11 fh. til 17.00 eh. alla dagana - lýkur á sunnudeginum 26. júní kl 17.00

Íbúar eru hvattir til að skreyta í sólstöðulitum, ýmislegt til í Skerjakollu.

Sólstöðuhátíðarnefnd

Fatasala og fatamóttaka á Sólstöðuhátíð

Fatasöfnun Rauða krossins kemur öllu sem hún fær í umferð áttur, samt er gefið, annað selt til fjáröflunar og það sem er slitnið og götött fer í endurvinnslu. Léttu á skápunum og leggðu okkur lið.



Fatasala Rauða krossins í Þingeyjarsýslum verður í Leikskólanum á Kópaskeri laugardaginn 25. júní kl. 24:00 – 17:00.

Gengið inn úr garðinum að suðaustan.

Einnig verður tekið á móti fötum og tauvi, heilu, götöttu, slitnu, allt nýttist.

Fatasöfnun Rauða krossins er ekki einungis frábær endurvinnsla heldur leggur fólk félaginu lið með því að gefa fatnað og styrkir neyðaraðstoð bæði hér á landi og erlendis.

Fatnaður sem Rauði krossinn fær nýttist þannig:

- hann er seldur beint til útlanda og ágóðinn rennur í Hjálparsjóð Rauða krossins
- hann er flokkaður og gefinn þurfsandi hér á landi
- hann er flokkaður og gefinn þurfsandi erlendis
- hann er flokkaður og seldur í Rauðakrossbúðunum

Léttu á skápunum og leggðu okkur lið!

Sólstöðuganga á Rauðanúp



Ferðafélagið Norðurslóð efnir til miðnæturgöngu á sólstöðuhátíð á Kópaskeri. Gengið á Rauðanúp á Melrakkasléttu.

Lagt verður af stað frá Núpskötlu kl 23:30.

Gangan tekur eina og hálfu til tvær klukkustundir.

Fararstjóri verður Kristbjörg Sigurðardóttir.

Ferðafélagið hvetur sem flesta til að taka þátt í hressandi göngu á bjartasta tíma ársins.

Allir velkomnir!

